

**Sp.**

**587. Fyrirspurn**

[317. mál]

til samgönguráðherra um fjárveitingar úr Ferðamálasjóði.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvaða upphæð nemur framlag ríkisins til Ferðamálasjóðs á ári hverju frá 1976 til yfirstandandi árs og hvaða hlutfall er það hvert ár miðað við 40 millj. gkr. á árinu 1976, sbr. lög nr. 60/1976?
2. Hversu miklu fé hefur Ferðamálasjóður varið á ári hverju undanfarin 10 ár til eftirtalinna verkefna:
  - a. lána til framkvæmda við gisti- og veitingastaði,
  - b. lána til annarra þátta ferðamála,
  - c. framlaga til byggingar gistirýmis,
  - d. framlaga í formi eignaraðildar?
3. Hvernig skiptast fjárhæðir í 2. lið, hvers stafliðar fyrir sig og samanlagt, á einstök kjördæmi landsins á ári hverju?
4. Hver eru áætluð heildarútlán og styrkveitingar Ferðamálasjóðs á yfirstandandi ári?  
Allar fjárhæðir óskast tilgreindar á verðlagi gildandi fjárlaga:

**Skriflegt svar óskast.**